

## Almennar upplýsingar:

Nafn Helga Bragadóttir  
Erindi nr. P-2018-11-19-0027  
Kennitala 0501544919  
Heimilisfang GRÍMSHAGA 1, 107 REYKJAVÍK  
Póstnúmer 107  
Símanúmer 55124216  
Netfang helga@kanon.is  
Nafn forsvarsmanns (ef -  
um fjöleignarhús er að  
ræða)  
Netfang tengiliðs helga@kanon.is

Greiðanda kennitala 500 810 0410  
Greiðanda nafn -  
Greiðanda netfang gunnar@nlsh.is

## Framkvæmdasvæði

Heimilisfang/lóðarheiti Landspítalinn við Hringbraut

Umsækjandi er Annar / aðrir

Umsækjandi Hefur kynnt sér gildandi deiliskipulag

Erindið fjallar um Breytingu á deiliskipulagi


## Stutt lýsing á erindi

Sótt er um að koma fyrir 2ja hæða bílgeymsluhúsi undir aðaltorgi/Sóleyjartorgi austan grunns sem nú mun verða tekinn við Meðferðarkjarnann. 200 bílastæði (af 335) flytjast þangað úr bílgeymslu sunnan Geðdeildar. Hæðarkótar á Rannsóknarhúsi og húsi HÍ eru uppfærðir til samræmis við Meðferðarkjarna þ.e. lækkaðir um 50 cm .

Meðfylgjandi gögn og  
upplýsingar varðandi  
umsókn – þar sem við á

Uppdrættir

Lýsandi nafn 15-15-\_-30006-.pdf  
skjals



**GILDANDI DEILISKIPULAG, mkv. 1:2000**  
Samþykkt í borgarráði 21. mars 2013, síðast breytt janúar 2018  
Auglýst B deild Stjórnartíðinda 12. febrúar 2018

Aðaltorg/Sóleyjartorg er miðpunktur/krossgötur Landspítalalóðarinnar þar sem flestar leiðir liggja, með helstu aðalinnnganga í byggingar frá torginu. Um neðri götuna er almenn umferð um svæðið aðallega leiðir, sem og umferð neyðarbíla og almenningssvagna (borgarlinnu). Í deiliskipulagi eru helstu bílgeymslur/bílageymsluhúð, einkum fyrir starfsfólk, við megináðkomuæðar í jaðri Landspítalalóðarinnar. Að öðru leyti eru staði í götum og við aðaltorg.

**Greinargerð með tillögu að deiliskipulagsbreytingu**  
Undir aðaltorginu (nr. 37) er komið fyrir tveggja hæða bílgeymslu með um 200 bílastæðum í beinum tengslum við aðliggjandi byggingar, m.a. bráðamóttöku í meðferðarkjarna. Áætlað er að bílgeymslan geti sam tengst fyrirhuguðu göngudeildarhúsi í síðari áföngum, m.a. bílgeymslum þar og annars staðar á suðaustur hluta lóðar. Aðkoma í bílgeymsluhúsið undir aðaltorginu verður frá þvergotu austan torgsins milli efri og neðri götu, um rampa á hæðir K1 og K2, á byggingarreit fyrir byggingu nr. 28, vesturhlíð göngudeildarhúss.

Þar sem Sóleyjartorgið verður aðal aðkomu- og úttivistartorg Landspítalalóðarinnar, með góðu aðgengi að aðlægu byggingum er ákjósanlegt að fjölga bílastæðum í nánd við það. Ný bílastæði munu ekki síst nýstast sjúkdlingum og gestum. Nú eru hafnar framkvæmdir á svæðinu vegna byggingar meðferðarkjarna. Í tengslum við þá jarðvinnu er hagkvæmt að stækka grunninn til austurs strax í fyrsta áfanga uppbyggingar og nýta rýmið sem skapast undir torginu fyrir bílgeymsluhúð. Aðkoma við inngang í bráðamóttöku á sunnanverðu Sóleyjartorgi og bílastæðafyrirkomulagi þar er breytt. Nýtt hringform akstursaðkomu er hugsað til auðveldunar skjótri aðkomu þeirra sem eiga erindi á bráðavakt og að sleppistæðum þar sem eru eingöngu eru ætluð sem skammtíma-stæði. Bílastæðum á torginu sunnanverðu er fækkað, þau flutt austar og komið

fyrir í bílgeymslunni undir aðaltorginu sem stutt er í og greið aðkoma. Þessi tilflutningur rýmar einnig betur fyrir aðkomu og göngu- og hjólaeildum við meðferðarkjarnann og stoppstöð almenningssamgangna.


Tilfærsla bílastæðanna hefur áhrif á umferðarlæði svæðisins. Umferð verður líklega meiri en áður var áætlað, á hluta af neðri götu og á þvergotu við Sóleyjartorg að bílgeymslunni. Gatamót þvergotu og neðri og efri götu verða útfærð nánar í heildarskipulagi svæðisins.

Bílastæðafjöldi er óbreyttur frá gildandi deiliskipulagi, en 335 bílastæðum í neðanjarðarbílgeymslu sunnan geðdeildar er fækkað um 180 og verða 155 talsins. Bílastæðin 180 eru færð undir aðaltorgið og 20 af 28 bílastæðum á aðaltorginu ofanjarðar færast þangað einnig.

Bílgeymslur neðanjarðar reinkast ekki í nýtingarhlutfalli lóðar samkv. skilmálum.

Stærð bílgeymslu undir Sóleyjartorgi: 8500 fm  
Fjöldi bílastæða undir Sóleyjartorgi: 200  
Fjöldi bílastæða við bráðamóttöku: 8  
Bílastæði sunnan geðdeildar: 155

Breytt deiliskipulag nær til Sóleyjartorgs/aðaltorgs nr. 37, byggingar nr. 28 og neðanjarðarbílgeymslu nr. 35 ásamt hæðarkóta bygginga nr. 22 og nr. 23. Að öðru leyti gildir Deiliskipulag NLSH/SPITAL samþ. í borgarráði 21. mars 2013 og Greinargerð og skilmálar sömu dags. því fylgjandi. Þar er gerð grein fyrir helstu forsendum, stefnu og skilmálum fyrir deiliskipulagið og forsendum aðalskipulags. Sjá einnig minnisblað SPITAL dags. 10.1.2019. Landspítalalóð - umferðargreining m.v. tilkomu bílakjallara undir Sóleyjartorg.



**TILLAGA AÐ BREYTINGU Á DEILISKIPULAGI, mkv. 1:2000**

Tafla 1 bls. 21 í Greinargerð og skilmálum var og verður samkv. deiliskipulagsbreytingu.

**Yfirlit yfir bílastæði fyrir breytingu:**

|                                     | Fyrsti áfangi - fjöldi | Síðari áfangar - fjöldi |
|-------------------------------------|------------------------|-------------------------|
| Á landi eftir 1. áfanga             | 1.035                  |                         |
| Í landi eftir síðari áfanga         |                        | 500                     |
| Í bílageymslu vestur                | 565                    | 565                     |
| Í bílageymslu austur                |                        | 600                     |
| Neðanjarðarbilag, sunnan geðdeildar |                        | 335                     |
| Alls eftir fyrsta áfanga            | 1.600                  |                         |
| Alls eftir síðari áfanga            |                        | 2.000                   |

**Yfirlit yfir bílastæði samkvæmt deiliskipulagsbreytingu:**

|                                       | Fyrsti áfangi - fjöldi | Síðari áfangar - fjöldi |
|---------------------------------------|------------------------|-------------------------|
| Á landi eftir 1. áfanga               | 835                    | 480                     |
| Í bílageymsluhúsi vestur              | 565                    | 565                     |
| Í bílageymsluhúsi austur              |                        | 600                     |
| Neðanjarðarbilag, sunnan geðdeildar   |                        | 155                     |
| Í bílageymsluhúsi undir Sóleyjartorgi | 200                    | 200                     |
| Alls eftir fyrsta áfanga              | 1.600                  |                         |
| Alls eftir síðari áfanga              |                        | 2.000                   |


Af bls. 27 í Greinargerð og skilmálum var og verður samkv. deiliskipulagsbreytingu.

**Fyrir breytingu:**

| Bílageymslur                                   | Neðan jarðar  | Oftan jarðar  | Heildarstærð m <sup>2</sup> | Hæðarfjöldi leiðb. |
|------------------------------------------------|---------------|---------------|-----------------------------|--------------------|
| 30 Bílageymsla vestur - fyrsti áfangi          | 8.900         | 14.000        | 22.900                      | 4-5 hæðir          |
| 31 Bílageymsla austur - síðari áfangar         | 10.000        | 5.500         | 15.500                      | 2-3 hæðir          |
| 35 Bílageymsla sunnan Geðdeildar (neðanjarðar) | 15.000        |               | 15.000                      |                    |
| <b>Samtals</b>                                 | <b>33.900</b> | <b>19.500</b> | <b>53.400</b>               |                    |

**Byggingarmagn með bílageymslum:**

|                          | Fyrsti áfangi m <sup>2</sup> | Heildarstærð m <sup>2</sup> |
|--------------------------|------------------------------|-----------------------------|
| Núverandi byggð          | 73.610                       | 73.610                      |
| Ný byggð                 | 97.550                       | 151.650                     |
| Bílageymslur ofan jarðar | 14.000                       | 19.500                      |
| Niðurrif                 | -1.441                       | -3.941                      |
| <b>Samtals</b>           | <b>183.719</b>               | <b>240.819</b>              |




**SKÝRINGARMYND 1. ÁFANGA, mkv. 1:2000**


Í skilmálum er gerð krafa um að frágangur milli uppbyggingaráfanga á Landspítalalóðinni verði til fyrirmyndar og taki mið af mikilvægi staðsetningar í borgarmyndinni og starfsemi svæðisins.

**Samkvæmt deiliskipulagsbreytingu:**


| Bílageymslur                                   | Neðan jarðar  | Oftan jarðar  | Heildarstærð m <sup>2</sup> | Hæðarfjöldi leiðb. |
|------------------------------------------------|---------------|---------------|-----------------------------|--------------------|
| 30 Bílageymsla vestur - fyrsti áfangi          | 8.900         | 14.000        | 22.900                      | 4-5 hæðir          |
| 31 Bílageymsla austur - síðari áfangar         | 10.000        | 5.500         | 15.500                      | 2-3 hæðir          |
| 35 Bílageymsla sunnan Geðdeildar (neðanjarðar) | 15.000        |               | 15.000                      |                    |
| 37 Bílageymsla undir Sóleyjartorgi             | 8.500         |               | 8.500                       |                    |
| <b>Samtals</b>                                 | <b>42.400</b> | <b>19.500</b> | <b>61.900</b>               |                    |




**GILDANDI DEILISKIPULAG, mkv. 1:5000**  
Samþykkt í borgarráði 21. mars 2013, síðast breytt í janúar 2018  
Auglýst í B deild Stjórnartíðinda 12. febrúar 2018




**SNIÐ B, mkv. 1:1000**  
GILDANDI DEILISKIPULAG




**SNIÐ B, mkv. 1:1000**  
TILLAGA AÐ DEILISKIPULAGSBREYTINGU



**SNIÐ I, mkv. 1:1000**  
GILDANDI DEILISKIPULAG



**SNIÐ I, mkv. 1:1000**  
TILLAGA AÐ DEILISKIPULAGSBREYTINGU



- AFMÖRKUN SKIPULAGSSVÆÐIS
- AFMÖRKUN BREYTINGA
- LÓÐAMÖRK
- NÚVERANDI BYGGÐ
- BYGGINGAREITUR
- BYGGINGAREITUR BÍLGEYMSLU NEÐANJARÐAR, 35 og 37
- TENGINGANGAR
- BUNDIN BYGGINGARLÍNA
- TENGINGANGAR OG NEÐANJARÐARMANNVIRKI STAÐSETNING LEIÐBEINANDI MED FYRIRVARA UM LAGNALEIÐIR
- FJARLÆGÐAR BYGGINGAR
- HV HVERFISVERND
- F FRÍÐUÐ BYGGING
- P BÍLGEYMSLA / BÍLASTÆÐI
- HJ REIÐHJÓLAGEYMSLA
- L LEIKSVÆÐI
- O<sub>2</sub> SÚREFNISGEYMI
- ▶ MEGIN INNGANGAR
- ▶ MEGIN AÐKOMUR
- ○ ○ STOFNSTÍGUR
- ○ ○ TENGISTÍGUR
- 21-37 NR. NYBYGGINGA

Deiliskipulagsbreyting þessi, sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 3. mgr. 43 gr. skipulagslaga nr. 123/2010, var samþykkt í á þann \_\_\_\_\_ 20\_\_.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann \_\_\_\_\_ 20\_\_.



**SPITAL**

00 - Breyting: \_\_\_\_\_ Dags: \_\_\_\_\_ Teikn: \_\_\_\_\_ Yfir: \_\_\_\_\_  
**LANDSPÍTALI VIÐ HRINGBRAUT**

EFNI: **TILLAGA AÐ DEILISKIPULAGSBREYTINGU**

MÆLIKVARDI: **1:5000, 1:2000 og 1:1000**

DAGSETNING: **15. nóv. 2018**  
TEIKNINGARNÚMÉR: **30006**  
BREYTING: **16. jan. 2019**

## MINNISBLAÐ

### NÝTT HÁSKÓLASJÚKRAHÚS við Hringbraut

**Varðar:** Landspítalalóð – Umferðargreining m.v. tilkomu bílakjallara undir Sóleyjartorg  
**Dagsett:** 10.01.2019  
**Til:** NLSH  
**Sent:** BK  
**Unnið af:** Bergþóra Kristinsdóttir, Arna Kristjánsdóttir

#### SAMANTEKT

- Tilfærsla bílakjallara undir Sóleyjartorg telst vera ágætur kostur. Sú lausn dreifir umferðarpunga betur í neðri götu milli gatnamótanna tveggja austan meðferðarkjarna. Breytingin felur í sér töluverða aukning á umferð á þvergötu við Sóleyjartorg að bílakjallaranum og á hluta neðri götu.
- Ekki er talið æskilegt að breyta þvergötu við Sóleyjartorg í botnlangagötu en sú lausn kallar á erfiðar aðstæður við önnur gatnamót. Að auki takmarkar lokunin flæði á milli svæða og bygginga innan lóðarinnar.
- Takmörkun umferðar um neðri götu (einstefna almennrar umferðar til austurs) gerir umferð kleift að komast auðveldara inn á neðri götu frá þvergötunni við bílastæðahús á vestur hluta lóðarinnar og frá þvergötunni við meðferðarkjarna. Þessi lausn spilar vel með tilkomu bílakjallara undir Sóleyjartorg. Áætla má að umferð sem áður fór um neðri götu til vesturs færist á aðrar götur eins og Miklubraut, Snorrabraut, neðstu götu og efri götu. Ekki er þó talið að sú tilfærsla umferðar valdi vandræðum innan svæðisins.

#### Inngangur


NLSH óskaði eftir endurskoðun á umferðarmálum fyrir Landspítalalóð við Hringbraut í framhaldi af tillögum að breyttu deiliskipulagi. Frá fyrri vinnu umferðargreiningar, sem SPITAL stóð fyrir árið 2012, hafa byggingarforsendur fyrir svæðið breyst að einhverju leiti og starfsemi bygginga skýrst enn frekar.

Hér á eftir verður í stuttu máli skýrt frá tillögu að deiliskipulagsbreytingu og varpað ljósi á breyttum forsendum frá fyrri vinnu. Í framhaldinu verður greint frá niðurstöðum nýrrar greiningar á umferðarmálum fyrir svæðið.


#### Tillaga að deiliskipulagsbreytingu og breyttar forsendur

Í greinagerð með tillögu að deiliskipulagsbreytingu kemur fram að undir aðaltorgi/Sóleyjartorgi verður komið fyrir tveggja hæða bílageymslu með um 200 bílastæðum, sjá mynd 1. Aðkoma bílageymslunnar verður frá þvergötu austan torgsins, móts við meðferðarkjarnann. Bílakjallarinn mun verða í beinum tengslum við aðliggjandi byggingar, m.a. bráðamóttöku meðferðarkjarna og dag- göngu- og legudeild. Bílastæðafjöldi svæðisins er óbreyttur en bílastæðum í neðanjarðarbílageymslu sunnan geðdeildar verður fækkað og bætt við undir Sóleyjartorg. Lögð er áhersla á að deiliskipulagsbreytingin eigi við 1. uppbyggingaráfanga.

# SPITAL



**GILDANDI DEILISKIPULAG, mkv. 1:2000**  
 Samþykkt í borgarráði 21. mars 2013, síðast breytt janúar 2018  
 Auglýst B deild Stjórntíðinda 12. febrúar 2018



**TILLAGA AÐ BREYTINGU Á DEILISKIPULAGI, mkv. 1:2000**

## MYND 1 Tillaga að deiliskipulagsbreytingu ásamt gildandi deiliskipulagi frá 2013

Aðrar breytingar sem teknar eru mið af í umferðargreiningunni eru breyttar forsendur á byggingarmagni, þá sér í lagi á milli byggingaráfanga. Má þar helst nefna að í fyrri vinnu var ekki gert ráð fyrir svokallaðri Randbyggð sem er staðsett syðst á lóðinni og er í eigu Vísindagarða. Gert er ráð fyrir að starfsemi Randbyggðarinnar snúi að rannsóknarstarsemi tengdri sjúkrahúsinu, skrifstofum, verslun og þjónustu. Tafla 1 listar upp forsendur byggingarmagns fyrir fyrri vinnu og núverandi greiningu.

**TAFLA 1** Forsendur byggingarmagns fyrir umferðardreifingu fyrri greiningu og núverandi greiningu

|                         | FORSENDUR 2012 [M <sup>2</sup> ] | UPPFÆRÐAR FORSENDUR [M <sup>2</sup> ] |
|-------------------------|----------------------------------|---------------------------------------|
| Núverandi byggingarmagn | 75.633                           | 75.633                                |
| Niðurrif bygginga       | -2.023                           | -2.023                                |
| Nýbyggingar 1. áfangi   | 81.500                           | 108.300                               |
| Nýbyggingar 2. áfangi   | 50.500                           | 44.500                                |
| <b>Samtals</b>          | <b>202.251</b>                   | <b>223.051</b>                        |

# SPITAL

Einnig var greind breytt útfærsla á neðri götu, þar sem miðað var við að almennri umferð verði einungis heimilt að aka til austurs en umferð almenningssamgangna og neyðarbíla verði heimilt að aka í báðar áttir. Mörk einstefnu umferðar markast á milli þvergötu við bílastæðahús vestan lóðar og þvergötu við meðferðarkjarna og Sóleyjartorg. Mynd 2 sýnir tillögu að útfærslu á einstefnu fyrir almenna umferð um neðri götu.

Að auki var gert ráð fyrir breyttum ferðavenjum innan svæðisins þar sem gengið var út frá því að starfsmenn skapi 30% færri ferðir á svæðið og 10% viðskiptavina myndi færri ferðir en nú.

## Tilfelli til skoðunar

Í þessari greiningu voru mismunandi tilfelli tekin til skoðunar með tillit til umferðardreifingar þar sem forsendur fyrir uppbyggingarmagn eru breyttar frá fyrri greiningu. Mismunandi var hvort tilföllin voru skoðuð fyrir 1. eða 2. áfanga.

1. Núverandi deiliskipulag - 1. áfangi
2. Núverandi deiliskipulag - 2. áfangi
3. Bílastæðageymsla undir Sóleyjartorgi – 1. áfangi
4. Bílastæðageymsla undir Sóleyjartorgi – 2. áfangi
5. Bílastæðageymsla undir Sóleyjartorgi og lokað fyrir tengingu við efri götu – 2. áfangi
6. Bílastæðageymsla undir Sóleyjartorgi og einstefna til austurs á neðri götu – 2. Áfangi
7. Bílastæðageymsla undir Sóleyjartorgi, lokað fyrir tengingu við efri götu og einstefna til austurs á neðri götu – 2. áfangi



## Umferðardreifing – Niðurstöður



Endurskoðun umferðardreifingar innan Landspítalalóðar fyrir ofantalin tilfelli er kynnt hér að neðan þar sem umferðartölur eru gefnar upp sem sólarhringsumferð í sniðum.



MYND 1 Umferðarstraumar um neðri götu. Einstefnuumferð til austurs meðfram meðferðarkjarna.

# SPITAL


|           |                                                                                                                                                                                      |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                         |
|-----------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| <p>1.</p> |  <p>Sólarhingsumferð<br/>1. áfangi skv. deiliskipulagi</p>                                          | <p>Erfitt er fyrir umferð síðdegis að komast út af bílastæði norðan neðri götu þar sem ökutæki þurfa að bíða eftir að taka vinstri beygju til austurs.</p> <p>Vinstri beygja inn á bílastæði sunnan neðri götu getur reynst erfið á háannatíma árdegis en með því að halda vinstribeygjuvasa þá er ekki gert ráð fyrir að raðir ná út fyrir vasann á aðliggjandi akrein.</p> <p>Ekki er búist við að vandamál skapist á vestur hluta neðri götu. Umferðarstraumar árdegis helgast aðallega af hægri beygjum að bílastæðahúsi og gegnumumferð um neðri götu til austurs. Síðdegis má búast við stórum straum sem vill taka vinstri beygju út úr þvergötu við bílastæðahús. Fyrir 1. áfanga er mælt til þess að gatnamótin við Barónsstíg verði forgangsstýrð.</p>                        |
| <p>2.</p> |  <p>Sólarhingsumferð<br/>1. áfangi skv. deiliskipulagi<br/>+ Bílajakjallari undir Sóleyjartorg</p> | <p>Með tilkomu bílajakjallara undir Sóleyjartorgi þá dreifist umferðin um bæði gatnamótin austan við meðferðarkjarnann betur borið saman við útfærslu gildandi deiliskipulags. Fyrir 1. áfanga uppbyggingar er mælt til þess að bæði gatnamótin verði útfærð sem forgangsstýrð gatnamót (biðskylda á þvergötur). Ekki má búast við að miklar tafir geta myndast við gatnamótin á hámarksklukkustund.</p> <p>Umferð eykst á þvergötunni austan við meðferðarkjarnann og á akbrautum milli gatnamótanna á neðri götu.</p> <p>Aðdráttur minnkar í ofanjarðar bílastæðin sunnan og norðan neðri götu en búast má við að umferð flytjist í bílajakjallara.</p> <p>Ekki er búist við að vandamál skapist á vestur hluta neðri götu og mælt er til þess að gatnamótin verði forgangsstýrð.</p> |

|           |                                                                                                                                                                                      |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                  |
|-----------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| <p>3.</p> | <p>Sólarhringsumferð<br/>2. áfangi skv. deiliskipulagi</p>                                          | <p>Mælst er til á að koma fyrir umferðarljósum á austustu gatnamótin á neðri götu, við bílastæði. Þetta er einkum nauðsynlegt fyrir síðdegis ástand þegar ökutæki vilja komast út af bílastæðunum við austur hluta svæðisins. Á biðskyldu eiga ökutæki mjög erfitt með að komast út og miklar tafir og raðir geta myndast. Umferðarljós eru ekki síður mikilvæg á gatnamótin með tilkomu Borgarlínu á neðri götu. Árdegis geta myndast raðir á austasta part neðri götu vegna stórs straums í vinstri beygju en vinstri beygjuvasi getur stíflað aðliggjandi akreinar.</p> <p>Gatnamótin við meðferðarkjarna og Hí anna vel afköstum sem biðskyldugatnamót.</p> <p>Ekki er búist við að vandamál skapist á vestur hluta neðri götu. Hinsvegar getur verið erfitt fyrir ökutæki að komast út úr bílastæðahúsi á neðri götu. Forgangsstýring annar gatnamótum neðri götu og Barónsstígs vel en með tilkomu Borgarlínu er þörf á ljósastýringu.</p> |
| <p>4.</p> | <p>Sólarhringsumferð<br/>2. áfangi skv. deiliskipulagi<br/>+ Bílakjallari undir Sóleyjartorgi</p>  | <p>Nauðsynlegt þykir að koma fyrir umferðarljósum á austustu gatnamótin á neðri götu, við bílastæði, þar sem ökutæki eiga erfitt með að komast út, þá sér í lagi síðdegis. Hinsvegar er umferðarálag á þvergötur við bílastæði frá neðri götu minna sem gerir það að verkum að afköst austari gatanmótanna verða betri borið saman við tilfelli 3.</p> <p>Vinstri beygjan á suður þvergötuna veldur ekki eins miklum vandræðum og í gildandi deiliskipulagi árdegis en gegnumstraumur gatnamótanna eykst. Aukin umferð er um gatnamótin við meðferðarkjarnann en árdegis má ekki búast við vandræðum þar sem helstu straumar eru hægri beygja úr austri og gegnumstraumum úr vestri.</p> <p>Fyrir síðdegis umferðarástand má búast við töluverðum töfum frá þvergötum, bæði við meðferðarkjarna og bílastæðum austast á svæðinu.</p>                                                                                                             |

# SPITAL

5.


Sólarhringsumferð  
2. áfangi skv. deiliskipulagi  
+ Bílajakjallari undir Sóleyjartorgi  
(botnlangagata við Sóleyjartorg)



Gera má ráð fyrir samskonar umferðarástandi og fyrir tífelli 4. Hinsvegar má áætla að síðdegis ástandið verði erfiðara fyrir þvergötur austast við bílastæði þar sem aukning á umferð hefur orðið á þeim leggjum.

6.

Sólarhringsumferð  
2. áfangi skv. deiliskipulagi  
+ Bílajakjallari undir Sóleyjartorgi  
+ Einstefna til austurs á Neðri götu



Mælst er til þess að koma fyrir umferðarljósum á neðri götu við austustu þvergötuna. Þá komast ökutæki út af bílastæðum, sér í lagi síðdegis. Árdegis er stærsti straumurinn gegnumstraumur til vesturs að meðferðarkjarna og vinstribeygja til suðurs.

Gatnamótin við meðferðarkjarna anna eftirspurn vel árdegis en síðdegis geta myndast raðir á þvergötu fyrir framan inngang að bráðamóttöku meðferðarkjarna.


Ökutæki komast greiðar frá þvergötum á neðri götu við meðferðarkjarna þegar einstefna er til austurs.

Gert er ráð fyrir aukinni umferð um efri götu vegna einstefnu á neðri götu en sú aukning er ekki talin valda vandræðum.

Töluverð aukning er á umferð um neðstu götu meðfram Randbyggð en umferðarmagnið er samt ekki talið valda vandræðum.

Ef gert er ráð fyrir að þvergatan við Sóleyjartorg verði lokuð fyrir aðkomur við efri götu þá má gera ráð fyrir að umferð flytjist á austustu þvergötu (sjá mynd að neðan). Erfiðara ástand getur þá myndast við gatnamótin sér í lagi síðdegis. Tengimöguleikar milli efra og neðra svæðis skerðast með lokuninni sem gerir einstaka götur og gatnamót umferðarþyngri.





Með einstefnu takmörkunum á neðri götu eiga ökutæki auðveldara með að komast út frá þvergötu á vestur hluta svæðisins. Forgangsstýring annar gatnamótum neðri götu og Barónsstígs vel en með tilkomu Borgarlínu er þörf á ljósastýringu. Með ljósastýringu geta hinsvegar myndast raðir á neðri götu sem ná að þvergötu austan bílastæðahúss.

## Samantekt og umræður

Í kjölfarið á tillögu að breytingu á deiliskipulagi um að koma fyrir bílakjallara undir Sóleyjartorg var farið í þá vinnu að endurskoða umferðarmál fyrir svæðið. Endurskoðun á umferðarmálum innihélt meðal annars tilkomu bílakjallara, breytingar á akstursfyrirkomulagi í neðri götu og endurskoðun á forsendum byggingarmagns frá fyrri vinnu frá 2012.

Í dag er mestöll umferð svæðisins bundin við Gömlu Hringbraut sem á erindi að sækja í þjónustu spítalans en áætla má að hluti þeirrar umferðar sé gegnumumferð. Með nýju deiliskipulagi er gert ráð fyrir að gegnumumferð minnki stórlega um svæðið og flytjist þá núverandi gegnumumferð á nærliggjandi götur. Ekki má búast við að fólk leitist eftir að keyra í gegnum svæðið milli efri götu við Barónsstíg og neðri götu við Snorrabraut þar sem um er að ræða of mikla krókaleið. Aðstæður á neðri götu bjóða uppá hæga umferð með hámarkshraða 30km/klst og er gert ráð fyrir að umferð um götuna sé að mestum hluta þeir sem eiga erindi á svæðið. Einstefna til austurs kemur einnig í veg fyrir mögulegan gegnumakstur.

Skoðunin á umferðardreifingu svæðisins leiddi í ljós að með því að koma fyrir bílakjallargeymslu undir Sóleyjartorg mun umferðin dreifast betur á gatnamótin tvö sem liggja austan við meðferðarkjarna og þar af leiðandi léttu á umferðarþunga austari gatnamótanna á háannatímum. Fyrir gildandi deiliskipulag geta myndast miklar raðir og tafir á þvergötum við austari gatnamótin þar sem umferð á erfitt með að komast á neðri götu út af bílastæðum. Fyrir byggingaráfanga 1 er mælt til þess að hafa forgangsstýrð gatnamót á báðum gatnamótum neðri götu austan við meðferðarkjarna en fyrir byggingaráfanga 2 má gera ráð fyrir þörf á að breyta austari gatnamótunum í ljósastýrðum gatnamót.

Umferð eykst töluvert á þvergötunni við inngang bráðamóttöku meðferðarkjarna með tilkomu bílakjallara undir Sóleyjartorg og skiptir því aðgangsstýring bílageymslunnar miklu máli til þess að

# SPITAL

koma ökutækjum örugglega inn og út. Með því að takmarka umferð um neðri götu meðfram meðferðarkjarna og heimila einungis almennri umferð að aka til austurs næst ávinningur fyrir umferðarflæði um gatnamótin við meðferðarkjarna. Þetta á sérstaklega við fyrir háannatíma síðdegis þar sem vinstribeygjustraumur af þvergötu á neðri götu er stór og skiptir þá máli að ekki sé heimilt að aka til vesturs á neðri götu.

Með takmörkununum á akstri almennrar umferðar má áætla að fleiri velji að fara inn og út af svæðinu um Barónsstíg, bæði um neðri og efri götu, og mun akstur frá austri til vesturs innan svæðisins minnka töluvert. Hinsvegar má gera ráð fyrir aukinni umferð til austurs um neðstu götu meðfram Randbyggð en ekki er talið að hún verði það mikil að hún valdi vandræðum. Mun rólegra götuumhverfi verður á neðri götu meðfram meðferðarkjarna og munu almenningssamgöngur, neyðarakstur, gangandi og hjólandi njóta góðs af því. Erfitt getur reynst fyrir umferð á háannatíma síðdegis að komast frá bílastæðahúsi vestast á svæðinu og skiptir því aðgangsstýring bílastæðahúss miklu máli.

Gera má ráð fyrir einhverri aukningu umferðar á efri götu en ekki er talið að sú aukning hafi veruleg neikvæð áhrif.

Skoðaður var sá kostur að loka fyrir tengingu á þvergötu (við Sóleyjartorg) við efri götu og koma fyrir útivistartorgi fyrir viðskiptavinum og starfsmenn spítalans. Áætla má að sú umferð sem notaði þvergötuna til þess að komast á milli efri og neðri götu muni flytjast á austari þvergötuna (við geðdeild). Sú aukning getur haft neikvæð áhrif á afköst gatnamótanna við neðri götu og má búast við frekari töfum að komast á neðri götu. Leiðarval á milli efra svæðis og neðra svæðis skerðist og fækkar tengimöguleikum á milli svæðanna, úr 2 tengingum í 1 tengingu. Að auki má gera ráð fyrir að með lokuninni skapi frekari umferð á gatnamótum neðri götu og Snorrabrautar vegna umferðar á leið vestur í bæ (Þingholtin), þ.e umferð sem myndi fara frá bílakjallara undir Sóleyjartorgi og á efri götu til þess að komast á Barónsstíg.